# 42. fundur Heimastjórnar Fljótsdalshéraðs haldinn í fundarsal sveitarstjórnar, Lyngási 12 Egilsstöðum, fimmtudaginn 11. janúar 2024 og hófst hann kl. 13:00

**Fundinn sátu:**
Vilhjálmur Jónsson formaður, Jóhann Gísli Jóhannsson aðalmaður, Guðný Drífa Snæland varamaður og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

**Dagskrá:**

1. **202208083 - Aðalskipulag Múlaþings 2025-2045**

   Skipulags- og matslýsing Aðalskipulags Múlaþings 2025-2045 hefur verið lögð fram til kynningar í Skipulagsgátt. Óskað er eftir að umsagnir, ábendingar og sjónarmið er varða efni skipulagslýsingarinnar berist fyrir 31. janúar 2024.

   Lagt fram til kynningar.

2. **202201165 - Kröfur ríkisins um þjóðlendur á Austfjörðum**

   Fyrir liggja fjórar greinargerðir frá íslenska ríkinu þar sem lýst er kröfum í landsvæði á svæði 11, Austfirðir, sem lagt er til að verði úrskurðuð sem þjóðlendur.

   Lagt fram til kynningar.

3. **202212063 - Ósk um umsögn, matsáætlun, Vindorkugarður í Klausturseli**

   Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um matsáætlun, dagsett 27.12.2023, fyrir allt að 500 MW vindorkugarð í Klausturseli, Múlaþingi. Málið var áður á dagskrá heimastjórnar Fljótsdalshéraðs 5.1.2023 þegar gerð var umsögn um málið.

   Lagt fram til kynningar.

4. **202401002 - Áherslumál heimastjórna**

   Fyrir liggur tölvupóstur frá framkvæmda- og umhverfismálastjóra, dagsettur 29.12.2023, þar sem farið er yfir stöðu verkefna sem kallað var eftir við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2023.

   Lagt fram til kynningar.

5. **202111210 - Deiliskipulagsbreyting, Grund á Jökuldal**

   Lagt er fyrir deiliskipulag ferðaþjónustu að Grund á Jökuldal. Skipulagið hefur verið uppfært með tilliti til breytinga á rammahluta Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs

2008-2028 fyrir ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil á Jökuldal auk þess sem brugðist hefur verið við athugasemdum Minjastofnunar Íslands, dags. 2. júní 2023, sem barst á auglýsingatíma skipulagsins.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 8.1.2024: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir deiliskipulag í landi Grundar og vísar málinu til heimastjórnar Fljótsdalshéraðs til afgreiðslu.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkir fyrirliggjandi deiliskipulag í landi Grundar.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**6. 202111209 - Deiliskipulag, Hákonarstaðir á Jökuldal**

Lagt er fyrir deiliskipulag ferðaþjónustu að Hákonarstöðum á Jökuldal. Skipulagið hefur verið uppfært með tilliti til breytinga á rammahluta Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil á Jökuldal.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 8.1.2024: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir deiliskipulag í landi Hákonarstaða og vísar málinu til heimastjórnar Fljótsdalshéraðs til afgreiðslu.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkir fyrirliggjandi deiliskipulag í landi Hákonarstaða.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**7. 202111169 - Deiliskipulag, Jökuldalur, Klaustursel**

Lagt er fyrir deiliskipulag ferðaþjónustu í landi Klaustursels á Jökuldal. Skipulagið hefur verið uppfært með tilliti til breytinga á rammahluta Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 fyrir ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil á Jökuldal.

Eftirfarandi var bókað á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 8.1.2024: Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir deiliskipulag í landi Klaustursels og vísar málinu til heimastjórnar Fljótsdalshéraðs til afgreiðslu. Ráðið samþykkir jafnframt uppfærð drög að umsögnum um athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins.

Heimastjórn Fljótsdalshéraðs samþykkir fyrirliggjandi deiliskipulag í landi Klaustursels. Heimastjórn samþykkir jafnframt uppfærð drög að umsögnum um athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma skipulagsins.

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:45**

Rafræn skilríki

Undirritað af: Vilhjálmur Jónsson
Kennitala: 2203604749
Tími: 11.01.2024 14:57
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign

Rafræn skilríki

Undirritað af: Guðný Dríta Snæland
Kennitala: 0309815619
Tími: 11.01.2024 15:33
Rafræn undirritun í fundagátt One

Undirritað með OneSign